



Ákall Gullna hringborðsins

„Hvernig ætlum við saman að takast á við fyrisjáanlega fjölgun ferðamanna á Gullna hringnum á næstu árum?“

Nýr samráðsvettvangur um þróun ferðapjónustu sem tengist Gullna hringnum, Gullna hringborðið, hefur tekið til starfa. Fyrsti fundur var haldinn á Þingvöllum þann 23. nóvember 2022. Þar komu saman fulltrúar opinberra stofnana sem fara með málefni tengd Gullna hringnum þ.e. fulltrúar frá Menningar- og viðskiptaráðuneyti, Umhverfisstofnun, Þingvallapjóðgarði, Vegagerðinni, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppi og Hrunamannahreppi ásamt ráðgjafa frá RATA sem leiddi samtalið. Í framhaldi af fundinum hefur vinnuhópur starfað og á næstunni verða fleiri hagaðilar kallaðir að borðinu til samtals. Grunnhugmyndin að Gullna hringborðinu varð til í tengslum við verkefnið *Álagsstýring á ferðamannastöðum* á vegum Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis 2021, sem styður við *Framtíðarsýn og leiðarljós íslenskrar ferðapjónustu til 2030*. Eins tengist það verkefninu Vörðu (www.varda.is).

Staðan - Áskoranir framtíðar

Ferðapjónusta er ein mikilvægasta atvinnugrein landsins og Gullni hringurinn eitt fjölsóttasta svæðið. Sjálfbærni er mikilvægur grunnur og ábyrg ferðapjónusta í sátt við samfélagið. Innviðaupbygging verður að vera í samræmi við vöxt í greininni, fjölgun ferðamanna og uppbyggingu fyrirtækja. Margt hefur verið gert en mikið er eftir. **Staðan er alvarleg, en öllum áskorunum fylgja tækifæri.** Flest verkefni á Gullna hringnum kalla á stöðuga vöktun og virkni. Samstarf og samráð eru lykilatriði.

Árið 2022 komu 1,7 milljón ferðamanna til Íslands. Þjóðhagsspá Íslandsbanka frá september 2022 gerir ráð fyrir að þeir verði 2 milljónir 2023 og 2,2 milljónir 2024 (tölur miðast við innkomu í Keflavík, ótalin þá skemmtiferðaskip og aðrir flugvellir). Isavia hefur einnig kynnt sína spá fyrir 2023 og gerir ráð fyrir þriðja stærsta ári þar frá upphafi. Þeirra spár gera ráð fyrir 2.2 milljónum erlendra ferðamanna í gegnum Keflavíkurflugvöll.

Samkvæmt upplýsingum frá Ferðamálastofu stefnir í metár í komum skemmtiferðaskipa til landsins 2023. Helmingi fleiri skip en í fyrra og allt að 80% fjölgun farþega sem verða

rúmlega 800 þúsund þar af um 300 þúsund til Reykjavíkur. Umræður um kosti og galla þessarar tegundar ferðaþjónustu fyrir þjóðarbúið og umhverfi hafa verið áberandi að undanfögnu. Þörf er fyrir stefnumörkun stjórnvalda í þeim málaflokki.

Nýársmálstofa ferðaþjónustunnar 2023 kynnti niðurstöður könnunar sem unnin var í samstarfi SAF, Íslenska ferðaklasans og KPMG í desember 2022 og janúar 2023. Þar kemur meðal annars fram að stefna og aðgerðir sem stuðla að sjálfbærni skipti miklu máli. Tækifæri í ferðaþjónustu á næstu árum felist meðal annars í: sjálfbærni og náttúru, styrkingu innviða, auknum gæðum, dreifingu um landið og innan ársins. Áhyggjuefnin eru að vöxtur umfram getu og innviði muni hafa neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna.

Það sem brennur á Gullna hringnum hér og nú

1. Aðgerðaáætlun strax

Ráðherra ferðamála hefur boðað vinnu við aðgerðaáætlun í framhaldi af stefnumótun í ferðamálum. Mikilvægt er að fulltrúar frá Gullna hringborðinu fái að koma sínum sjónarmiðum þar á framfæri.

2. Vegakerfi og samgöngur

Meira fjármagn. Aðlaga þarf þjónustu og viðhald að þörfinni. Vegirnir eru ekki byggðir fyrir svo mikla umferð, þarfnast viðhalds og úrbóta. Ísland allt árið kallar á aukna vetrarþjónustu. Hækka þjónustustig vega á Gullna hringnum. Fjölga þarf áningarstöðum við veginn og útskotum af öryggisástæðum vegna myndastoppa. Merkingar þurfa að vera góðar. Af öryggisástæðum er mikilvægt að færsla vegar við Geysi tefjist ekki og verði eins og nú er á áætlun 2027.

3. Öryggi

Heilsugæsla og löggæsla verði eflað í Uppsveitum og tekið mið af fjölda á svæðinu.

4. Landvarsla

Meira fjármagn. Landvarsla er mjög mikilvægt öryggismál hvað varðar fólk og náttúru. Stórauka þarf landvörslu á fjölsóttum stöðum ef ekki á illa að fara. Efla þarf landvörslu við Gullfoss og Geysi nú þegar.

5. Innviðir

Flýta ákvarðanatöku og framkvæmdum, flýta ferlum. Þróa tekjustofna til að tryggja og hraða innviðauppbyggingu og sveitarfélög fái hlutdeild í þeim tekjustofnum. Tryggja þarf að þau verðmæti sem skapast skili sér aftur á réttan stað, forgangsraða fjármagni á svæði út frá verðmætasköpun. Mikilvægt að verkefnið Varða þróist áfram.

6. Álagsstýring

Með álagsstýringu skapast tækifæri: jákvæð upplifun gesta og heimamanna, minna álag á náttúruna, ánægðari gestir, meiri verðmæti verða til og allt þetta varðar orðspor Íslands sem áfangastaðar. Það er ekkert eitt sem á við alla staði varðandi álagsstýringu og mismunandi hagsmunir eru í húfi. Mikilvægt er að gera úttekt á fýsileika mismunandi aðferða. Samvinna allra hagaðila er afar mikilvæg þ.e. ríkis, sveitarfélaga og einkaaðila. Samtal milli ferðaskipuleggjenda og þeirra sem bjóða upp á þjónustu á svæðinu er einnig mikilvæg til þess að sporna við því að of margir séu á sama stað á sama tíma.

7. Spretthópur

Gullna hringborð leggur til að Spretthópur verði myndaður þar sem mikið liggur við. Spretthópur um Gullna hringinn. Málefni Gullna hringins eru víða í stjórnkerfinu.

Staðan er alvarleg og Gullna hringborðið kallar eftir auknu breiðu samtali um viðbrögð við fyrirsjáanlegri fjölgun ferðamanna á Gullna hringnum á næstu árum. Það er mat Gullna hringborðsins að litlum árangri verður náð nema við tökumst á við þetta verkefni öll saman.

Uppsveitir Árnassýslu, 14.02.2023

Gullna hringborðið

Tengiliður Gullna hringborðsins
Ásborg Arnþórsdóttir, asborg@ismennt.is, s. 898-1957